

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 23. maí 2024.

Málið nr. S-42/2024:

Ákærvaldið

(Kamilla Kjerúlf saksóknarfulltrúi)

gegn

Kristni Magnússyni

(Guðmundur St. Ragnarson lögmaður)

Dómur:

Mál þetta var þingfest 13. febrúar 2024 og dómtekið 17. maí. Málið er höfðað með tveimur ákærum Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 9. janúar og 22. mars 2024 á hendur ákærða, Kristni Magnússyni, kt. [...].

Með fyrri ákærinni er málið höfðað fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa sunnudaginn 24. september 2023 ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti um Dalveg við Hlíðarhjalla í Kópavogi þar sem lögregla stöðvaði aksturinn. Er háttsemin talin varða við 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Með seinni ákærinni er kveðið á um málshöfðun fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa fimmtudaginn 15. febrúar 2024 ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti um Reykjanesbraut við Hnoðraholt í Garðabæ þar sem lögregla stöðvaði aksturinn. Er sú háttsemi einnig talin varða við 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga.

Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði játar skýlaust sök samkvæmt báðum ákærum og viðurkennir að hafa framið þau brot sem þar er lýst. Hann krefst þess að skilorðsbundin reynslulausn sem honum var veitt 15. ágúst 2023 á 700 daga eftirstöðvum refsinga samkvæmt eldri dómum verði látin haldast og hann aðeins dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa fyrir hin nýju brot. Af hálfu ákærða var lögð fram greinargerð vegna þessa. Þá fór að kröfu ákærða fram aðalmeðferð 17. maí sl. og var málið dómtekið að loknum munnlegum málflutningi. Verjandi krefst málsvarnarlauna sér til handa.

I. - Framburður ákærða og vitnis fyrir dómi.

1.

Við aðalmeðferð máls gekkst ákærði undanbragðalaust við akstri bifreiðarinnar [...] í þau tvö skipti sem ákært er fyrir. Hann gaf þá skýringu á fyrra tilvikinu að [...]. Í seinna tilvikinu hafi hann [...]. Ákærði nefndi í þessu sambandi að hann væri hvatvís að eðlisfari, en hér hafi þó verið um afmörkuð tilvik að ræða, hann ekki gert þetta í önnur skipti og færi nú sinna ferða á vespu sem honum væri heimilt að aka. Ákærði rakti hvernig líf hans hafi snúist til betri vegar eftir síðustu afplánun, hann endanlega áttað sig á því að hann yrði að snúa við blaðinu, [...].

2.

A æskuvinur ákærða kom fyrir dóm, staðfesti framlagða yfirlýsingu og bar ákærða mjög vel söguna. Hann kvað ákærða [...]. Taldi A að fangelsisdómur yrði mikið bakslag í þann mikla árangur sem ákærði hafi náð við að byggja upp líf sitt og myndi hvorki gera honum né öðrum gagn í samfélagslegu tilliti.

II. - Málalíbúnaður ákæruvaldsins og ákærða.

1.

Af hálfu ákæruvaldsins er á því byggt að ákærði sé nú í áttunda skipti sakfelldur fyrir umferðarlagabrot og beri því samkvæmt dómvenju að dæma hann í níu mánaða fangelsi fyrir hin nýju brot. Þá hafi ákærði rofið skilyrði fyrrgreindrar reynslulausnar og beri því lögum samkvæmt að taka upp 700 daga óafplánaðar eftirstöðvar refsingar, dæma með máli þessu og þannig ákveða ákærða refsingu í einu lagi fangelsi í 32 mánuði. Vísaði ákæruvaldið til dómaframkvæmdar Landsréttar, áréttaði að ákærði hafi ekki aðeins rofið skilorð reynslulausnar í eitt skipti, heldur tvö og taldi það ekki merki þess að ákærði hafi dregið lærdóm af fyrri háttum og bætt eða breytt lífi sínu svo nokkru nemi.

2.

Af hálfu ákærða er á því byggt að hann hafi játað án undanbragða hin nýju brot og beri framburður hans og framlagðar yfirlýsingar A og fleiri greinilega með sér að ákærði hafi breytt högum sínum mjög til hins betra og snúið baki við fyrra líferni. Það þjóni því hvorki réttarvörsluhagsmunum né öðrum hagsmunum samfélagsins að brjóta ákærða niður að nýju með því að dæma hann í tveggja ára fangelsi eða meira fyrir tiltölulega litlar sakir, en í því samandi beri að gera skýran greinarmun á sviptingarakstri og akstri undir áhrifum áfengis eða annarra vímuegja, sbr. til hliðsjónar

landsréttardómar nr. 98/2001 og 368/2021. Ákærði hafi ekki [...] og aðeins í tvö skipti gert þau mistök að setjast undir stýri, í bæði skiptin edrú og til þess eins að koma öðrum til hjálpar. Dæmd refsing verði ávallt að samræmast frömdu afbroti og því hnígi öll sanngirnis- og réttlætissjónarmið í þá átt að dómurinn láti reynslulausn ákærða haldast og dæmi hann nú aðeins fyrir umferðarlagabrotin tvö, hvort sem það verði í formi níu mánaða fangelsis samkvæmt dómvenju eða lægri refsingar að teknu tilliti til atvika að brotunum og breyttra haga og aðstæðna ákærða.

III. - Niðurstöður.

1.

Með skýlausri játningu ákærða fyrir dómi, sem samrýmist rannsóknargögnum máls, er sannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefið að sök í fyrrgreindum ákærum og þar þykir rétt heimfærð til refsíákvæða. Leikur þannig enginn vafi á því að ákærði ók bifreiðinni [...] tvívegis sviptur ökurétti, annars vegar 24. september 2023 og hins vegar 15. febrúar 2024 og lauk akstri í bæði skipti með aðkomu lögreglu.

2.

Ákærði er [á fimmtugsaldri]. Samkvæmt sakavottorði gekkst hann í ágúst 2013 undir 160.000 króna sektargerð og 18 mánaða sviptingu ökuréttar fyrir ölvunarakstur. Þann 24. september 2014 var ákærði dæmdur til greiðslu 300.000 króna sektar fyrir ölvunar- og sviptingarakstur og sviptur ökurétti í fjögur ár frá og með 12. febrúar 2015. Næst gekkst ákærði 4. maí 2015 undir 100.000 króna sekt fyrir sviptingarakstur. Þá var hann 24. september 2015 dæmdur í 45 daga fangelsi fyrir ölvunar- og sviptingarakstur og sviptur ökurétti ævilangt frá dómsbirtingu 2. október. Með hæstaréttardómi 28. apríl 2016 var ákærði dæmdur í 12 mánaða fangelsi (hegningarauka), skilorðsbundið tvö ár, fyrir brot gegn almennum hegningarlögum og sérrefsilögum. Næst var ákærði 30. júní 2016 dæmdur í 15 mánaða fangelsi, þar af 12 mánuði skilorðsbundið tvö ár, fyrir ölvunar- og sviptingarakstur og sviptur ökurétti ævilangt frá dómsbirtingu 25. júlí. Var dómur Hæstaréttar tekinn upp og dæmdur með. Þann 26. apríl 2017 hlaut ákærði 15 mánaða fangelsisdóm, þar af 12 mánuði skilorðsbundið þrjú ár, fyrir ölvunar- og sviptingarakstur og var jafnframt sviptur ökurétti ævilangt. Var síðasti skilorðsdómur hér tekinn upp og dæmdur með. Næst var ákærði 29. mars 2021 dæmdur í þriggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir ölvunar- og sviptingarakstur, auk fleiri brota og var skilorðsdómurinn 26.

apríl 2017 tekinn upp og dæmdur með. Jafnframt var ákærði sviptur ökurétti ævilangt frá dómshirningu 18. maí 2021. Loks var ákærði 1. júní 2022 dæmdur í 10 mánaða fangelsi (hegningarauka) m.a. fyrir ölvunar- og sviptingarakstur og sviptur ökurétti ævilangt frá dómshirningu 21. júní.

Samkvæmt greindu sakavottorði var ákærða 15. ágúst 2023 veitt skilorðsbundin reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum 700 daga óafplánaðra refsinga samkvæmt dómnum 1. júní 2022 og 29. mars 2021. Má af því ætla að ákærði hafi verið búinn að afplána 680 daga refsingu þegar hann hlaut hina skilorðsbundnu reynslulausn.

3.

Samkvæmt 2. mgr. 81. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga er það einatt skilyrði reynslulausnar að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Þannig mátti ákærði ekki gerast sekur um ný brot á tímabilinu 15. ágúst 2023 til 15. ágúst 2025. Ákærði hefur nú verið fundinn sekur um að hafa tvívegis ekið bifreið sviptur ökurétti eftir að honum var veitt reynslulausn; fyrst 24. september 2023 og aftur 15. febrúar 2024. Hefur ákærði þannig rofið skilyrði reynslulausnar. Þegar svo háttar til skal samkvæmt 1. mgr. 82. gr. téðra laga ákveða ákærða refsingu í einu lagi fyrir brotin sem nú er dæmt um og svo með hliðsjón af hinni óafplánuðu 700 daga fangelsisrefsingu, sbr. reglur 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þannig að fangelsi samkvæmt hinum eldri dómum er virt með sama hætti og skilorðsdómur. Að því gættu og með hliðsjón af dómaframkvæmd Hæstaréttar, m.a. dómur réttarins 30. október 2008 í máli nr. 216/2008 og 22. mars 2016 í máli nr. 711/2015, sbr. og til hliðsjónar landsréttardómur 22. mars 2024 í máli nr. 117/2023, ber héraðsdómi að taka upp reynslulausn ákærða og gera honum refsingu í einu lagi.

Ákærði er nú í áttunda skipti sakfelldur fyrir sviptingarakstur og bærí því níu mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir hin nýju brot ef ekki kæmi til rof á reynslulausn. Að því gættu og öðru framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 32 mánuði. Að virtri dómvenju í málum vegna sviptingaraksturs kemur ekki til álita að skilorðsbinda þá refsingu.

Samkvæmt greindum málsúrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar en til hans teljast aðeins málsvarnarlaun Guðmundar St. Ragnarssonar skipaðs verjanda ákærða fyrir dómi. Með hliðsjón af eðli og umfangi máls og að teknu tilliti til tímaskýrslu verjanda og viðmiðunarreglna Dómstólasýslunnar nr. 1/2024 þykja málsvarnarlaun hæfilega ákveðin 612.560 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Jónas Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, Kristinn Magnússon, sæti fangelsi í 32 mánuði.

Ákærði greiði í sakarkostnað 612.560 króna málsvarnarlaun Guðmundar St. Ragnarssonar verjanda síns.

Jónas Jóhannsson